

Úttekt á Íslenskuverum Reykjavíkurborgar

SKÝRSLUHÖFUNDAR:

HERMÍNA GUNNÞÓRSDÓTTIR, PRÓFESSOR VIÐ KENNARAEILD HA

RENATA EMILSSON PESKOVÁ, LEKTOR VIÐ MENNTAVÍSINDASVIÐ HÍ

JÚNÍ 2025

Samantekt

- Reykjavíkurborg rekur fjögur íslenskuver sem hafa það að markmiði að taka á móti nýkomnum nemendum og kenna þeim íslensku sem annað mál á fyrsta hæfnistigi skv. Aðalnámskrá grunnskóla, um leið og þeir tengjast félagslega og undirbúa sig til að taka þátt í skólastarfi í sínum heimaskóla.
- Rannsakendur tóku 16 hálf-opin viðtöl við kennara, verkefnastjóra í íslenskuverum og skólustjórnendur í skólum sem hýsa íslenskuver, sem og þrjú rýnihópaviðtöl við skólustjóra, verkefnastjóra íslensku sem annað mál og ÍSAT kennara í heimaskólum nemenda. Gögnin voru skoðuð í samhengi við hugmyndir um félagslegt jafnrétti og jöfn tækifæri til náms.
- Niðurstöður sýna að:
 - flestir nemendur ná fyrsta hæfnistigi í íslensku sem öðru máli að mati kennara
 - staðsetning sem kallar á langar og flóknar samgöngur er ekki hentugt úrræði
 - nemendum líður vel í Íslenskuverunum og tengjast samnemendum þar en þeir tengjast ekki nemendum í heimaskólum og taka síður þátt í félagsstarfi þar
 - skerpa þarf á tilgangi og markmiðum Íslenskuveranna
 - kennarar hafa áhyggjur af því sem tekur við eftir Íslenskuver og telja að framhaldið sé ekki í nógu skýrum farvegi og nemendur standi í stað eða fari janvel aftur í íslenskukunnáttu
 - til hefur orðið tvöfalt kerfi utan um ÍSAT kennslu, sem felst í því að heimaskólar þurfa að veita ÍSAT kennslu á 1. stigi fyrir þá nemendur sem komast ekki í Íslenskuver, sem skapar ákveðið flækjustig og ósamræmi í þjónustu við nemendur. Það hentar nemendum illa að tilheyra samtímis tveimur skólum
 - samstarf er gott milli veranna og á milli kennara í verunum
 - skortur er á samræmingu um áherslur og innihald ÍSAT námsins á hæfnistigum þremur
 - til staðar þarf að vera mat og eftirlit með Íslenskuverum og ÍSAT kennslu í heimaskólum
 - kallað er eftir reglulegu mati á árangri og gæðum kennslunnar.

Skýrslunni má dreifa og vitna í hana með eftirfarandi hætti:

Hermína Gunnþórsdóttir og Renata Emilsson Pesková. (Júní 2025). *Úttekt á Íslenskuverum Reykjavíkurborgar – Skýrsla*. Höfundar.

Efnisyfirlit

Samantekt.....	2
1. Inngangur	4
1.1 Aðdragandi úttekta.....	4
1.2 Markmið úttekta.....	4
1.3 Aðferðafræði: Vinnulag og gögn	5
2. Bakgrunnur	6
3. Niðurstöður úttekta.....	7
3.1 Tilgangur og markmið Íslenskuveranna	7
3.2 Staðsetning, námsrými og skipulag veranna	8
3.2.1 Námsrými og kennslufræði	9
3.3 Nemendahópurinn, staða nemenda og félagsleg þátttaka	9
3.3.1 Líðan og félagsleg þátttaka nemenda	10
3.4 Samstarf	11
3.4.1 Samstarf milli Íslenskuvera sem hýsa verin og heimaskóla	11
3.4.2 Samstarf milli íslenskuvera og við MML.....	12
4. Áskoranir við núverandi fyrirkomulag.....	12
4.1 Staðsetning Íslenskuvera	12
4.2 Tvöfalt kerfi sem býr til flækjustig og ósamræmi í þjónustu	13
4.3 Að tilheyra samtímis Íslenskuveri og heimaskóla	13
4.4 Árekstrar í tvöföldu kerfi	13
4.5 Skortur á samræmingu um áherslur og innihald námsins	13
4.6 Námsefni og námsmat	14
4.7 Eftirfylgni og yfirfærsla	14
5. Tillögur til úrbóta	14
5.1 Tillögur út frá gagnasöfnun	15
5.2 Dæmi um fyrirkomulag á ÍSAT kennslu	16
6. Heimildir.....	18
Myndir úr Íslenskuverum.....	19

1. Inngangur

1.1 Aðdragandi úttekta

Haustið 2023 hafði Miðja máls og læsis (MML) hjá Reykjavíkurborg samband við rannsakendur í Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri með beiðni um að gera úttekt á Íslenskuverum Reykjavíkurborgar. Úrræðið hafði verið stafrækt í 2-3 ár og til stóð að skoða núverandi fyrirkomulag og hvort það uppfylli væntingar um nám og kennslu íslensku sem annars mals, inngildingu og farsæld nemenda. Í samráði við tengiliði MML var ákveðið að gera annars vegar úttekt og vinna skýrslu til Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, en hins vegar að framkvæmda ítarlega rannsókn út frá fræðilegum forsendum. Haustið 2023 fékkst lítill styrkur úr Þróunarsjóði innflytjendamála til þess að vinna að rannsókninni. Þátttakendur í rannsóknarverkefninu eru:

- Dr. Hermína Gunnþórsdóttir, prófessor við Kennaradeild HA, hermina@unak.is
- Dr. Renata Emilsson Peskova, lektor við Menntavísindasvið HÍ, renata@hi.is
- Dr. Hanna Ragnarsdóttir, prófessor við Menntavísindasvið HÍ, hannar@hi.is
- Dr. Susan Rafik Hama, lektor við Menntavísindasvið HÍ, srh@hi.is

Auk þeirra vann Þórunn Kristín Erlingsdóttir, meistaranemi við Menntavísindasvið HÍ að afmörkuðum þáttum rannsóknarinnar með áherslu á Íslenskuverin sem námsrými. Verkefnið hennar heitir *Námsrými í íslenskuverum Reykjavíkurborgar: Viðhorf og skoðanir kennara á námsrýmum* og verður birt í lok maí 2025 á <https://skemman.is/> Einnig er hægt að hlusta á menntavarpíð um meistaraverkefni hér:

https://open.spotify.com/episode/2VzEcoJpUUUFMuKzn2IJ9?si=N42nYJuzQ5Gep_HZbCAvzQ

Miðja máls og læsis (MML) er þekkingarteymi á vegum Skóla- og frístundasviðs (SFS) Reykjavíkurborgar sem fer m.a. á vettvang og veitir kennurum og starfsfólki í skóla- og frístundastarfi stuðning, ráðgjöf og fræðslu varðandi málþroska, læsi, íslensku sem annað mál, fjöltengi og fjölmenningu. Rannsóknin er unnin í fullu samráði við MML sem var rannsakendum innan handar með aðgengi að gagnasöfnun í Íslenskuverunum (t.d. viðtöl við kennara og stjórnendur) og veitti aðgang að fyrirliggjandi gögnum sem tengjast Íslenskuverunum.

Fulltrúar MML og SFS í verkefninu voru:

- Dagbjört Ásbjörnsdóttir, dagbjort.asbjornsdottir@reykjavik.is
- Dröfn Rafnsdóttir, drofn.rafnisdottir@reykjavik.is
- Fríða Bjarney Jónsdóttir, frida.b.jonsdottir@reykjavik.is

1.2 Markmið úttekta

Markmið verkefnisins var að rannsaka hvernig Íslenskuverin fjögur sem rekin eru á vegum Reykjavíkurborgar undirbúa nemendur undir þátttöku í skóla- og frístundastarfi og hvort starfsemin í Íslenskuverunum stuðlar að lýðræðislegri þátttöku þeirra í samfélaginu. Sérstök áhersla var á færni nemenda í íslensku og félagslega þátttöku þeirra. Íslenskuver¹ er tímabundin viðbótarþjónusta á

¹ [Stuðningur íslenskuvera – Miðja máls og læsis](#)

fyrsta hæfnistigi samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla, kafla 19.4, fyrir nýkomna nemendur í 5.-10. bekk sem flytja til landsins og eru byrjendur í íslensku. Kennslan í Íslenskuveri fer fram fyrir hádegi alla virka daga en eftir hádegi sækja nemendur kennslu í heimaskóla. Fyrir utan skólastarf taka nemendur þátt í öllu uppbroti á skólastarfi með bekkjarfélögum heimaskóla. Nemendur útskrifast úr Íslenskuveri þegar þeir ná hæfniviðmiðum fyrsta stigs í íslensku sem öðru tungumáli. Íslenskuverin eru þannig millileið á milli móttökuskóla/-deilda og þess að fara strax í almennan bekk þar sem öll kennslan fer fram á íslensku.

1.3 Aðferðafræði: Vinnulag og gögn

Áður en rannsóknin hófst, veturinn 2023, fóru rannsakendur á vettvang og heimsóttu öll Íslenskuverin fjögur og fengu kynningu á starfsemi þeirra. Vorið og haustið 2024 voru síðan tekin einstaklingsviðtöl við íslenskukennara og verkefnastjóra í öllum Íslenskuverum, skólastjóra í skólum sem hýsa Íslenskuver, og rýnihópaviðtöl voru tekin við stjórnendur, verkefnastjóra og ÍSAT kennara í þremur heimaskólum sem taka við nemendum sem útskrifast úr Íslenskuverum. Samtals voru tekin eftirfarandi 16 viðtöl:

- fjögur viðtöl við stjórnendur skóla sem hýsa Íslenskuver,
- fjögur viðtöl við verkefnastjóra en tveir þeirra voru jafnframt ÍSAT kennarar,
- fjögur viðtöl við ÍSAT kennara í fullri stöðu,
- þrjú rýnihópaviðtöl við skólastjórnendur, deildarstjóra, ÍSAT kennara eða umsjónarkennara í heimskólum sem nýta sér þjónustu íslenskuvera,
- þegar leið á ferlið var ákveðið að taka eitt rýnihópaviðtal við 8 verkefnastjóra ÍSAT á Akureyri í þeim tilgangi að kynna fyrirkomulaginu í grunnskólum Akureyrarbæjar.

Rannsóknarspurningar voru eftirfarandi:

- Hvernig er framkvæmd og skipulagi ÍSAT kennslu háttað í Íslenskuverum Reykjavíkurborgar?
- Hvernig er félagsleg þátttaka nemenda í Íslenskuverum, meðal annars í heimaskólum, skólum sem hýsa verin, tómstundum og félagsstarfi?

Viðbótarspurningar vegna úttektar og skýrslu til Reykjavíkurborgar voru:

- Hvað kom í ljós um gæði og aðgengi að úrræðum?
- Hver eru viðhorf kennara, stjórnenda, foreldra og/eða nemenda gagnvart Íslenskuverum?
- Hvað gengur vel og hvað mætti bæta?
- Hvernig vilja viðmælendur sjá framhaldið?

Skipulag skýrslunnar er með þeim hætti að niðurstöður úttektarinnar er dregnar saman á undan inngangi. Í inngangi er því næst lýst aðdraganda úttektarinnar, markmiði, vinnulagi og gögnum. Þá er stutt samantekt um bakgrunn, þ.e. lög, stefnur og rannsóknir er snúa að viðfangsefninu, stöðu kennslu íslensku sem annars máls á Íslandi og fræðilegar forsendur úttektarinnar. Niðurstöður eru settar fram í nokkrum undirköflum og því næst er samantekt um áskoranir við núverandi fyrirkomulag að lokum er samantekt um tillögur til úrbóta og dæmi um fyrirkomulag í kennslu íslensku sem annars máls (ÍSAT) sem líta má til hvað varðar framtíðarskipulag. Í skýrslunni eru nokkur dæmi úr viðtölum eða öðrum gögnum sem styðja niðurstöður (nafnlausar tilvitnanir ef við á).

2. Bakgrunnur

Nemendur sem læra íslensku sem annað mál mæta ýmsum áskorunum, félagslegum, mállegum og námslegum (Menntamálastofnun, 2018). Tungumál, félagslegir og menningarlegir þættir geta orsakað krefjandi aðlögun í skólum, verri líðan og hægari námsframvindu (Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir, 2018; Hermína Gunnþórsdóttir og Lilja Rós Aradóttir, 2021). Menningarleg aðlögun hefur einnig áhrif á líðan og námsárangur nemenda sem upplifa svokallað menningarlegt áfall þegar þeir flytja til nýs lands og hefja skólagöngu í nýju og framandi umhverfi, þar sem væntingar, venjur og samskiptamynstur eru gjörólík því sem þeir þekkja (Tungumálatorg, n.d.). Á undanförunum árum hafa niðurstöður allnokkurra rannsókna sýnt að nemendur með íslensku sem annað mál búa yfir minni orðaforða og skora verr á prófum (Hjördís Hafsteinsdóttir o.fl., 2022; Sigríður Ólafsdóttir o.fl., 2017). Markviss einstaklingsmiðuð kennsla sem tekur tillit til fjöltyngis nemenda getur hins vegar bætt orðaforða, lesskilning og þátttöku nemenda (Guðrún Pétursdóttir, 2019). Nám þessa nemendahóps þarf því að byggja á mállegum og menningarlega viðeigandi nálgunum sem eiga sér stoð í annarsmálsfræðum (Hermína Gunnþórsdóttir og Renata Emilsson Peskova, 2025).

Ísland er fjöltyngt samfélag með 387.758 íbúa, þar af er um 17% skráð með innflytjendabakgrunn (Hagstofa Íslands, 2023). Opinbert þjóðtungumál er íslenska, en íslenskt táknmál er einnig viðurkennt sem fyrsta mál notenda þess (lög um grunnskóla nr. 91/2008.). Vaxandi fjölbreytileiki sést greinilega í skólum, þar sem nemendur tala yfir 100 innflytjendamál (Móðurmál, 2025) og nemendum með íslensku sem annað tungumál (ÍSAT) hefur fjölgað jafnt og þétt í íslenskum grunnskólum. Aðalnámskrá grunnskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013) leggur ríka áherslu á jöfn tækifæri til náms fyrir alla nemendur, með því að mæta þörfum nemenda óháð uppruna eða tungumálabakgrunni.

Mikil þróun hefur verið á sviði íslensku sem annars máls, enda mikil aukning nemenda sem þurfa ÍSAT kennslu. Sveitarfélög bjóða upp á mismunandi úrræði í tengslum við kennslu íslensku sem annars máls og móttöku nýrra nemenda af erlendum uppruna. Í Reykjavík eru nú starfrækt fjögur Íslenskuver fyrir nemendur í 5.-10. bekk grunnskóla. Samhliða hefur verið starfandi móttökudeild fyrir börn sem sækja um alþjóðlega vernd.

Íslenskuver sem starfa í fjórum hverfum Reykjavíkur þjónusta alla grunnskóla í sínum hverfum og hvert ver er með um tíu til fimmtán skóla undir sínum hatti. Nýlega hafa verið stofnaðar þrjá íslenskuver í þremur framhaldsskólum, Kvennaskólanum í Reykjavík, Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ og Menntaskólanum á Ísafirði en fyrir eru framhaldsskólar sem hafa lengi boðið upp á kennslu í íslensku sem öðru máli í ólíkum útfærslum.

Innan skóla eru ýmsar leiðir farnar til að veita nemendum grunnþjónustu hvað varðar kennslu íslensku sem annars máls. Sumir skólar skipuleggja ÍSAT kennsla og/eða ÍSAT deildir innan skóla, í sumum tilfellum er kennslan á höndum stuðningsfulltrúa, ráðgjöf er veitt af starfsfólki Miðju máls og læsis og brúarsmiðum, og nýlega brúarsmiðum Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu.

Enn fremur þurfa nýkomnir nemendur félagslegan og menningarlegan stuðning og sum þeirra áfallahjálp, sálfræðiþjónustu, eða aðra þjónustu. Það kemur líka í aukni mæli fyrir að nemendur koma ólæsir í íslenska skóla, ólæsir á latnesku stafrófi, með rofna eða enga skólagöngu að baki og flokkast því á forstigi í íslensku sem öðru máli skv. hæfniviðmiðum í Aðalnámskrá grunnskóla. Sum sveitarfélög nota stöðumat (Miðja máls og læsis, n.d.) sem leggur mat á fyrri þekkingu nemenda á móðurmáli þeirra.

Fræðilegur bakgrunnur verkefnisins byggir á hugmyndafræði félagslegs réttlætis og inngildingar og tekur mið af réttindum barna eins og þeim er lýst í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna (Sameinuðu þjóðirnar, 1989). Félagslegt réttlæti er flókið og fjölbætt hugtak sem tengist sanngirni, jöfnuði, þátttöku og jafnrétti innan menntakerfisins (Piller, 2020). Skólar þurfa að vera staðir þar sem samfélagslegt ranglæti er bæði dregið fram og unnið gegn því. Ein stærsta áskorun sem menntakerfi standa frammi fyrir í dag snýr að því að stuðla að félagslegu réttlæti með það að markmiði að allir hafi jafnan aðgang að gæðamenntun, óháð þáttum eins og félags- og efnahagslegri stöðu, kyni, kynþætti eða tungumáli. Aftur á móti er það dæmi um félagslegt ranglæti þegar menntakerfi sinnir aðeins þörfum ákveðinna hópa nemenda (Cleave, 2020).

3. Niðurstöður úttektarinnar

Í næstu köflum verður fjallað um niðurstöður sem hafa beina skírskotun til markmiða úttektarinnar sem var að rannsaka hvernig Íslenskuverin fjögur sem rekin eru á vegum Reykjavíkurborg undirbúa nemendur undir þátttöku í skóla- og frístundastarfi og hvort starfsemin í Íslenskuverunum stuðlar að lýðræðislegri þátttöku þeirra í samfélaginu.

3.1 Tilgangur og markmið Íslenskuveranna

Í þessum kafla verður greint frá því hvernig viðmælendur sjá tilgang og markmið veranna. Sú sýn byggist á fenginni reynslu viðmælenda, t.d. út frá bakgrunni og stöðu nemendanna. Í máli allra viðmælenda kemur fram að vissulega hafi Íslenskuver það að markmiði að kenna nýkomnum nemendum íslensku sem annað mál á fyrsta stigi eins og lagt var upp með. Hins vegar kemur fram í frásögnum kennara, verkefnastjóra og stjórnenda að hlutverk veranna sé mun fjölbreyttara. Nemendur sem eru að hefja skólagöngu á Íslandi eru margir hverjir með takmarkaða eða enga reynslu af skóla, og í stöku tilfellum eru nemendur ólæsir eða á forstigi í tungumálinu. Viðmælendur telja að tilgangur Íslenskuveranna sé fyrst og fremst að „afhenda nemendum þetta verkfæri, íslenskuna“ enda sé hún mikilvægur lykill að samfélaginu til að geta tjáð sig á íslensku og komast inn í skólasamfélagið og samfélagið á rólegri hátt en að fara inn í stóran bekk.

Kennarar greina frá því að þau þurfi að leggja áherslu á skólafærni – að kenna grunnvinnubrögð og reglur sem sumir þessara nemenda þekkja ekki. Kynning á íslensku samfélagi og nærumhverfi ætti því að vera sjálfsagður hluti af daglegu starfi, þar sem nemendur kynnast innviðum, þjónustu og almennum samskiptavenjum skóla og samfélags. Verin ættu jafnframt að efla félagsfærni nemenda sem hafa sumir alist upp við erfiðar aðstæður, s.s. fátækt, ofbeldi eða flóttu. Þessir nemendur þurfa öruggt umhverfi þar sem unnið er með traust og tengslamyndun. Menningarfærni skiptir einnig máli, bæði í formi fræðslu um íslenska menningu (t.d. eldgos, jafnrétti, lögregluna) og í að takast á við flókin samskipti milli barna úr ólíkum og jafnvel andstæðum menningarheimum.

Einn kennaranna nefndi að eitt stærsta hlutverk þeirra væri að kenna nemendum íslenska siði og reglur og tók sem dæmi heimsókn til lögreglunnar sem hann taldi vel heppnaða en markmiðið hafði verið að sýna þeim að lögreglan á Íslandi er vinur þeirra. Ef þau lendi í vanda þá geti þau leitað til lögreglunnar, hún sé vinur þeirra. Mörg þessara barna koma frá löndum þar sem að lögreglan er e.t.v. það sama og herinn og viðhorfið þannig gjörólíkt. Öryggi nemenda verður að vera í forgrunni, sérstaklega þar sem sumir hafa lent í stríði, mannsali eða hafa flóttasögu sem krefst viðkvæmrar og meðvitaðrar nálgunar. Efling sjálfstrausts og að byggja upp skólafærni ætti að vera leiðarljós í öllu starfi veranna – að skapa aðstæður þar sem börn öðlast trú á eigin getu þrátt fyrir erfiða fortíð. Þetta eru kennararnir mjög meðvitaður um og vinna markvisst að því að sýna nemendum að þeir hafa

óbilandi trú á þeim. Einn kennari sagði: „við erum mikið að hrósa og þau verða rosalega upp með sér þegar þau finna það að við erum svo ánægð með þau að þau eflast [...] það er mjög mikilvægur þáttur bara að mynda þetta örugga umhverfi þar sem við mætum þeim af mýkt“. Kennararnir gera sér jafnframt grein fyrir því að þeir þurfa einnig að mæta nemendunum af festu og ekki síst vegna þess hve mismunandi skólagöngu þau hafa og skortir ýmsa færni sem þau hafa ekki lært. Markmið kennslunnar er því ákveðinn línudans milli þess að kenna skólafærni og aga en einnig að mæta þeim með mildi eins og einn kennari komst að orði. Þrátt fyrir þessa miklu breidd meðal nemenda er ljóst að kennarar vinna af heilum hug og hafa mikinn áhuga og metnað til að sinna starfinu vel.

Þá má nefna það sjónarmið sem fram kom að kennarar Íslenskuveranna segjast finna að þeir „létti á“ gagnvart öðrum kennurum og vísa þá til þess að þeir séu ekki eingöngu að kenna þeim íslensku heldur ekki síður á íslenskt samfélag og að vera í íslenskum skólum. Einfaldir hlutir eins og fara í röð og reglur í mötuneytinu lærist ekki af sjálfu sér og því borða sumir kennarar með nemendum í mötuneytinu.

3.2 Staðsetning, námsrými og skipulag veranna

Verin eru staðset í fjórum grunnskólum Reykjavíkurborgar. Þrjú eru í nokkurri nálægð við heimaskóla nemenda sinna en þá er auðveldara að ganga á milli eða taka strætó. Verið í Ingunnarskóla þjónustar mestan fjölda af heimaskólum, um 15, en strætóleiðir þangað geta verið allt að 45 mínútur og sumir nemendur þurfa að skipta um strætó í Ártúni. Þetta þykkir kennurum ekki boðlegt fyrir nemendur, sérstaklega þau yngstu (5. bekkur, um 11 ára gömul börn) eða þau nýkomnu sem hafa ekki málhæfni til að spyrja til vegar ef þarf. Dæmi eru um að nemendur séu sendir á milli með leigubíl vegna flókinna samgangna.

Rýmin sem verin hafa til umráða innan skólanna eru misjöfn og það er ljóst að þau hafa áhrif á nám og kennslu í verunum. Dæmi eru um þröng og dimm rými og kennarar segjast finna að það dragi orku úr nemendum og þau verði fljótt þreytt. Þessi rými henta auk þess illa í stöðvavinnu sem er mikið notuð í þessari kennslu.

Í einu tilfelli deilir verið húsnæði með frístundastarfi í rými sem er að hluta til lítið og þröngt en þessi samnýting hefur t.d. þá annmarka að kennsla getur ekki byrjað fyrr en 8:30 og verður að vera lokið klukkan 12 og enginn möguleiki að vera lengur af því frístundastarfið þarf að undirbúa áður en krakkarnir koma. Kennararnir nefna að auki annan annmarka:

Og það er líka þannig að þú getur ekki raðað upp í kennslustofunum, herbergjunum. Raðað upp, og haft uppröðun og haft á veggjunum og dót í skúffunum. Það þarf alltaf að pakka saman hvern einasta dag. Og húsgögnin eru í raun miðuð við frístundaheimilið sem er fyrir börn 6, 7, 8, 9 ára.

Í upphafi var lagt upp með að nemendur væru fjóra daga í Íslenskuveri og fimmta daginn alfarið í sínum heimaskóla til að mynda tengsl við þann skóla og nemendur þar. Í sumum verunum hefur þessu verið breytt og nemendur eru alla daga í Íslenskuveri. Ástæðan er bæði hagnýt og kennslufræðileg eins og lýsing þessa kennara ber með sér:

þau verða einhvern veginn ekki eins rugluð. Þetta er bara einhvern veginn alltaf eins, þau byrja alla daga bara hjá okkur [...] svo er þetta bara mjög gott fyrir okkur, þá veit maður bara já ég er búin að leggja þetta inn fyrir alla [...]. Meðan hitt var svona æji nei þessir voru ekki þennan dag. Þannig að þetta er svona hagræði fyrir okkur líka. En mér finnst fyrst og fremst

þau, mér finnst þau vera svona öruggari með sig. Að þetta sé ekki eitthvað svona tætingslegt. Og þá getum við líka haft þau í, haft fasta hópa, það sé ekki mismunandi eftir dögum

Almennt hefur gengið vel að skapa umhverfi þar sem nemendum líður vel og upplifa sig örugga. Kennarar merkja vel að þegar nemendum líður vel, fara þeir að tjá sig meira og taka meiri þátt í kennslunni. Áhersla hefur verið lögð á að kynnast áhugamálum nemenda og tengja þau við námsefnið, sem hefur aukið þátttöku þeirra. Þá er mikil áhersla lögð á að aðlagða efni að þörfum nemenda. Einnig hefur verið unnið að því að kynna skólann og aðstöðu hans, sem hefur hjálpað nemendum að aðlagast betur.

3.2.1 Námsrými og kennslufræði

Kennarar í Íslenskuverum hugsa mjög vel og hlýtt til nemenda og eru meðvitaðir um mikilvægi þess að efla tilfinningu þeirra fyrir samfélagi innan nemendahópsins, sérstaklega þeirra sem eru nýkomnir til Íslands. Þeir leggja áherslu á félagslega aðlögun og að veita annan stuðning samhliða íslenskukennslu.

Áherslan í Íslenskuverunum er ekki eingöngu á ÍSAT-kennslu heldur einnig á að þjálfa skólafærni nemenda, efla menningarläsi og kenna reglur varðandi hegðun og aga, meðal annars í tengslum við kynjajafnrétti, LGBTQ+ málefni og forvarnir gegn ofbeldi. Í kennslustofunum ríkir almennt góður andi að sögn kennaranna, traust og öryggi eru í fyrirrúmi og kennararnir segjast eiga almennt gott samband við nemendur. Kennurunum finnst mikilvægt að nemendur fái skýr skilaboð um hegðun og aga, ekki síst vegna þeirra sem eru vanir öðrum hefðum og væntingum frá sínum heimalöndum.

Nemendur vilji eins og aðrir nemendur falla inn í hópinn, þeir elska að borða pítu og hamborgara og vilja samsama sig við íslenskt samfélag, eins og að halda með hverfisliðinu í fótbolta. Þeir samsama sig ekki sérstaklega með fánum, löndum eða tungumálum, og því er mikilvægt að forðast aðgreiningu á forsendum fullorðinna.

Kennsluumhverfið í verunum er hvetjandi og fjölbreytt; uppi á veggjum eru mörg veggspjöld með algengustu orðunum, svo sem litum, tölum, árstíðum og vikudögum. Skipulag á borðum og stólum er sveigjanlegt þannig að hægt er að vinna bæði í hópum og í einstaklingsvinnu eftir því hvað hentar hverju sinni. Hins vegar má stundum finna stóla og borð sem eru frekar ætluð yngri börnum, sem getur haft áhrif á þægindi eldri nemenda.

Almennt er kennslufyrirkomulagið fjölbreytt og mikið um uppbrot til að halda uppi áhuga og virkni nemenda. Í Ingunnarskóla lýstu kennarar því fyrirkomulagi að nemendur lærðu íslensku hjá þeim í gegnum fjölbreyttar leiðir eins og heimilisfræði, íþróttir, myndmennt og textíl. Þetta fyrirkomulag hafi gefist mjög vel og það sé gaman að læra um litina um leið og nemendur puttaprjóna eða mála. Þetta sé auk þess mjög gott fyrir þau börn sem eru með áfallasögu og geti verið ákveðin núvitund í leiðinni.

3.3 Nemendahópurinn, staða nemenda og félagsleg þátttaka

Um 18-20 nemendur sækja hvert ver að því er fram kemur hjá viðmælendum. Þar starfa oftast tveir kennarar í fullu starfi eða þrír kennarar í hlutastarfi ásamt verkefnastjóra í hlutastarfi. Nemendur læra íslensku á fyrsta stigi hæfnirammans um íslensku sem annað mál, en stundum mæta þangað líka nemendur á forstigi, sem þýðir nemendur án fyrri menntunar eða með brotna skólagöngu að baki,

ólæsir nemendur eða nemendur með annað letur en latneskt. Kennarar í Íslenskuverum tjáðu áhyggjur af því að geta ekki sinnt nemendum á forstigi með góðu móti, enda eru þeir fæstir sérhæfðir í lestrarkennslu og flókið mál að kenna unglingum lestur í bekkjarkennslu með öðrum börnum. Kennarar vilja meina að slík kennsla ætti betur heima í sérstökum móttökudeildum. Það sé einnig umhugsunarefni að yngri nemendur sem eru á forstigi og fara beint í almennan bekk en þurfa lestarkennslu, t.d. nemendur í 3. og 4. bekk, þeir fá mögulega ekki nauðsynlega kennslu til að ná lestri, því hljóða- og stafainnlögn er ekki kennd í 3. og 4. bekk

Í öllum verunum kom fram að það hafi orðið nokkur fjölgun nemenda sem eru ólæsir, án fyrri menntunar og hafa sum aldrei verið í skóla og jafnvel aldrei verið í byggingum. Íslenskuverin ráði mjög illa við að þjónusta þennan hóp enda hafi það ekki verið markmið þeirra í upphafi. Verin séu hugsuð sem nokkurskonar færiband og þeim ætlað að þjónusta fjöldann, en á sama tíma séu þau sérúrræði. Þau fái inn nemendur sem passa ekki inn í verin en séu samt að reyna að mæta þeim sem teknir eru inn. Aldursbil nemenda í verunum er auk þess að mati margra kennara nokkur áskorun og þeim finnst passa illa að hafa nemendur saman sem eru 10 ára og 16 ára og til viðbótar komi saman ólíkir menningarheimar.

3.3.1 Líðan og félagsleg þátttaka nemenda

Ekki voru tekin viðtöl við nemendur eða foreldra en hér verður greint frá því hvernig viðmælendur veranna og heimaskólanna upplifa líðan og félagsleg tengsl nemenda Íslenskuveranna. Þegar nemendur koma úr Íslenskuveri í heimaskóla eftir hádegi eru þeir oft þreyttir, sumir þeirra hafa gengið í dágóðan spöl á milli skólanna. Þeir vita ekki alltaf hvar þeir eiga að vera, sem skapar óöryggi.

Kennararnir telja að þegar nemendur eru skráð í Íslenskuver tengist þeir varla nemendum í heimaskólunum, nema þeim sem tala sama tungumál í heimaskólanum, og það dragi úr tækifærum þeirra til að mynda sterkari félagsleg tengsl við jafnaldra. Þetta veldur því að sumir nemendur upplifa sig ekki tilheyra heimaskólanum, eru passívir og finna fyrir vanlíðan.

Kennarar Íslenskuveranna vilja meina að krökkunum líði almennt vel hjá þeim. Auðvitað hafi komið upp dæmi þar sem einhver er ekki að finna sig og langar jafnvel að fara aftur í heimaskólann, á jafnvel bara vini þar og er búin að tengjast einhverjum hóp. Í slíkum tilfellum er hvert dæmi fyrir sig skoðað í góðri samvinnu við heimaskólana og foreldra. En flestir sem koma eru glaðir og kennararnir sjá vel mun á börnum sem hafa e.t. v. komið mjög niðurbrotin og á nokkrum vikum þá: „sér maður þau bara opna sig, það er bara æðislegt að fá að fylgjast með og taka þátt í því“. Kennararnir eru mjög meðvitaðir um að þau eru að kenna nemendum sem margir koma úr mjög erfiðum aðstæðum og orð þessa kennara eru lýsandi fyrir hópinn: „Ég þarf að minna mig á þetta mjög oft að bara þegar ég brosi, það er kannski mikilvægast, já ég er að kenna íslensku en það þurfa að vera tengsl til að læra nýtt tungumál.“

Kennararnir segjast upplifa að nemendur finni sig örugga í verunum og tengist samnemendum þar. Krakkar sem eru mjög feimnir eiga eðlilega í meiri vandræðum en aðrir með að tengjast og þau sem eru komin í unglingadeild eigi erfiðast með að tengjast en þau eignist frekar vini í Íslenskuverunum. Þau sem bindast vinaböndum í Íslenskuverunum eiga oftast en ekki sama móðurmál, þó að það sé auðvitað ekki algilt. Kennarar sjá mun á þeim sem eru í einhverjum íþróttum en þeim nemendum gangi betur að eignast félag. Í Breiðholtsskóla var nefnt að nemendur væri duglegir að fara í

félagsmiðstöðina og það væri augljóslega að hjálpa nemendum þó það gæti tekið smá tíma að koma þeim af stað.

Kennararnir telja að nemendur séu almennt ekki að eignast vini í heimaskólunum, það gerist ekki fyrr en þau hætta í Íslenskuverunum enda sé tíminn sem þau verja í heimaskólunum það lítil að hann gagnist þeim ekki til að mynda vinatengsl. Einn kennari sagði að þau hefðu reynt að leyfa þeim að taka þátt í uppbrotsdögum í heimaskólanum og sérstökum viðburðum í Íslenskuverskólanum en: „maður finnur alveg að það er einhvern veginn ekki alveg málið [...] Þau kannski hafa enga ástæðu til að tengjast krökkunum af því þau vita að þau fara á endanum“. Auk þess gagnrýndu sumir kennarar það að nemendur dvelji fyrstu tvær vikurnar í heimaskóla, nemendur og kennarar veiti þeim athygli og þau séu boðin velkomin en svo hverfa þau í Íslenskuver og athyglin dvíni samhliða. Í fyrstu Íslenskuverunum í Austurbæjarskóla og í Vogaskóla voru ráðnir félags- og tólmstundafræðingar sem áttu að aðstoða börnin við almenna aðlögun en því samstarfi var ekki haldið áfram né stofnað til þess í verunum sem voru seinna sett á laggirnar. Að mati viðmælenda var hlutverk þeirra ekki nógu vel skilgreint og líklega misskilið og því var þessu fyrirkomulagi ekki framhaldið. Þá heyrðust einnig þau sjónarmið að Íslenskuverin ættu eingöngu að sjá um íslenskukennslu og stuðla síðan að því að nemendur færu í félagsmiðstöðvarnar í hverju hverfi fyrir sig.

3.4 Samstarf

Margvíslegt samstarf fer fram af hálfu kennara og verkefnastjóra í Íslenskuverum. Samstarf á milli Íslenskuveranna hefur aukist jafnt og þétt, þá er til staðar samstarf við fulltrúa Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og Miðju máls og læsis, og í litlu mæli er til staðar samstarf við foreldra og þjónustu utan skólans.

3.4.1 Samstarf milli Íslenskuvera sem hýsa verin og heimaskóla

Stjórnendur þeirra skóla sem hýsa verin eru mjög meðvitaðir um þá reynslu og fagmennsku sem kennarar veranna búa yfir og reyna að stuðla að því að sú þekkingu skili sér til annarra kennara skólans. Þeir telja að tilkoma veranna hafi haft jákvæð áhrif og stuðlað að virðingu fyrir því hlutverki að kenna fjöltyngdum hópi nemenda. Einn stjórnandi sagði í þessu sambandi:

það eru allir kennararnir okkar að kenna fjöltyngdum hópum, það eru umsjónarkennarar sem eru með 23–4 nemendur í bekk og 17 mismunandi móðurmál sem eru töluð. Þannig að mér fannst þetta svona styðja við það og fólk finni til sín.

Sú staðreynd að sérhæfðir kennarar séu núna staðsettir í skólanum hafi þau áhrif að hinn almenni kennari hefur aðgang að fólki sem hann getur leitað til með spurningar sínar. Nefnd eru dæmi um að kennarar veranna hafi komið inn á kennarafundi til að kynna sig og bjóða öðrum kennurum að leita til sín eftir hádegði, þegar nemendur eru farnir í heimaskólana. Kennarar hafi t.d. nýtt sér þetta varðandi aðgengi að námsefni enda mikill skortur á því fyrir þennan nemendahóp og dæmi um að kennarar veranna hafi sjálfir ráðist í námsefnisgerð af illri nauðsyn. Samstarf þessara tveggja kennarahópa hafi styrkt kennarahópinn í heild og stuðlað að því að því að Íslenskuverskennararnir yrðu hluti af heildinni. Þannig hafi ýmis konar vinnubrögð smitað út frá sér og stuðlað að ákveðinni vakningu um að allir kennarar séu í raun íslensku- og orðaforðakennarar. Einn skólastjóranna ítrekaði hve frábært væri að hafa þau: „Við viljum alls ekki missa þau, við myndum bara vilja geta boðið þeim upp á betri aðstöðu!“

Í öðrum skóla voru dæmi um minni samskipti og samstarf, og kennari í Íslenskuveri þarf nefndi að þau væru auðvitað partur af skólanum og almennir kennarar sem eru að kenna íslensku sem annað

tungumál geti leitað til þeirra varðandi efni, ráðgjöf eða aðstoð. Þau mæti á alla teymisfundi og taki þátt í starfi skólans en sagðir jafnframt: „En íslenskuverið er alveg svolítið svona sér á báti við erum svolítið svona okkar eigin deild. Þannig að maður finnur það alveg“.

Kennarar greindu einnig frá því að þeir upplifðu að kennarar í heimaskólunum viti ekki nóg um Íslenskuverið og séu t.d. ekki alveg með á hreinu fyrir hvaða nemendur verin séu. Þá voru einnig dæmi um skort á skilningi á aðstæðum nemenda meðal almennra kennara í skóla sem hýsir Íslenskuver og er þá jafnframt heimaskóli sumra nemenda. Dæmi var tekið af nemanda sem var færður úr almennum bekk í Íslenskuverið því kennarinn taldi að nemandinn „skildi ekki neitt“ og ætti ekkert erindi í bekkinn sinn. Þegar nemandinn kom í Íslenskuverið kom í ljós að nemandinn talaði íslensku en var hræddur og leið ekki vel því nemandinn upplifði að allir í kringum hann töluðu miklu betri íslensku. Þarna fannst kennara Íslenskuversins vanta skilning á aðstæðum nemandans og það sama var nefnt í öðru dæmi þar sem almennur bekkjarkennari talaði um að nemandinn úr Íslenskuverinu væri „seinn að öllu og það tæki hann langan tíma að lesa upphátt“ sem væri vissulega rétt enda væri nemandinn að læra bæði nýtt stafróf og nýtt tungumál. Þarna fannst Íslenskuverskennaranum birtast skortur á skilningi á því hvað felst í því að læra íslensku sem annað mál.

3.4.2 Samstarf milli íslenskuvera og við MML

Mikið er um samvinnu kennara milli veranna. Kennararnir deila hugmyndum, aðferðum og lausnum til að takast á við áskoranir sem nemendur standa frammi fyrir, sem stuðlar að sterkri samkennd meðal starfsfólks. Auk samstarfs milli veranna eru kennarar í samstarfi við starfsfólk Miðju máls og læsis, ekki síst ef upp koma flókin mál eða erfiðar ákvarðanir sem þarf að taka. Almennu voru kennarar ánægðir með samskipti við starfsfólk MML, þeir hafi gott aðgengi að starfsfólkinu sem sé tilbúið til að aðstoða og bregðast við erindum þeirra.

Verkefnastjórnir hittast sérstaklega á samráðsfundum en einnig allir kennarar og verkefnastjórar úr öllum verunum. Þetta fyrirkomulag er kennurum dýrmætt en einnig mikilvægt til að koma á ákveðnu samræmi á milli þeirra, t.d. um ýmsar reglur og skipulagsmál.

Samstarf við heimaskólana er mismikið, sumir kennarar senda alltaf upplýsingapóst í hverri viku eða aðra hverja viku, til að upplýsa um hvað nemendur eru búnir að læra og ef það er eitthvað sérstakt sem huga þarf að. Einn kennaranna nefndi samskipti við foreldrana og að hann sendi þeim vikulega póst en vissi í raun ekki hverjir lesa hann, því það kæmi ekki mikið til baka.

4. Áskoranir við núverandi fyrirkomulag

Í þessum kafla er dregnar fram áskoranir sem viðmælendur telja mest áberandi í starfi sínu og núverandi fyrirkomulagi. Sumir þættir koma einnig fram í niðurstöðunum hér að ofan en eru hér teknir sérstaklega saman sem liður í samantekt.

4.1 Staðsetning Íslenskuvera

Staðsetning veranna er ekki alltaf heppileg með tilliti til samgangna, sérstaklega í dreifbýlli hverfum þar sem dæmi eru um að nemendur þurfi að ferðast langar vegalengdir á milli heimilis og Íslenskuvers. Í sumum tilfellum er nemendum ekið á milli með leigubílum til að tryggja aðgang að námi. Einnig er misjafnt hvar verin eru staðsett innan skóla, á sumum stöðum eru þau staðsett í hjarta skólans, nálægt miðrymi sem stuðlar að frekari samskiptum við aðra nemendur og starfsfólk.

4.2 Tvöfalt kerfi sem býr til flækjustig og ósamræmi í þjónustu

Í kerfinu sem nú er við lýði er rekið tvöfalt fyrirkomulag gagnvart nemendum; annars vegar eru nemendur sem komast að í Íslenskuveri (takmarkaður fjöldi) og hins vegar nemendur sem komast ekki í Íslenskuver en fá stuðning í heimaskóla sínum. Skólarnir þurfa að tryggja íslenskukennslu fyrir báða hópana, óháð því hvort nemendur komast í ver eða ekki. Það hefur því orðið til ósamræmi í þjónustu við nemendur, þar sem sumir komast að í Íslenskuverum en aðrir ekki. Dæmi eru um systkini þar sem annað fær þjónustu í veri en hitt ekki, sem veldur bæði mismunum og auknum vanda í aðlögun nemenda. Einnig eru aldurshópar innan Íslenskuvera mjög breiðir, allt frá 5. til 10. bekk, sem gerir skipulagningu náms og kennslu flókna. Eitt ver hefur ákveðið að bjóða aðeins nemendum í 6. bekk og eldri pláss. Núverandi kerfi skapar því ákveðna mismunum: þeir nemendur sem fá aðgang að Íslenskuverum njóta betri tækifæra til að læra íslensku hratt og vel, á meðan þeir sem ekki fá slíkan stuðning eiga hugsanlega í meiri erfiðleikum með að tileinka sér íslensku. Nemendur sem eru með sama heimaskóla og Íslenskuver komast mun auðveldar í list- og verkgreinar sem er gott uppbrot, t.d. getur nemandi farið í íþróttir klukkan 9:00 og komið svo aftur inn í Íslenskuver. Þessir nemendur hafa jafnframt mun betra aðgengi að félagsstarfinu í skóla og félagsmiðstöð.

4.3 Að tilheyra samtímis Íslenskuveri og heimaskóla

Nýir nemendur sem fara í Íslenskuver byrja með tveggja vikna dvöl í heimaskóla, áður en þeir byrja í fyrirkomulaginu að vera í Íslenskuveri og heimaskóla eftir hádegi og eitt skipti í viku allan daginn. Þetta fyrirkomulag er talið óhentugt þar sem það skapar óöryggi hjá nemendum. Aðeins einn dagur í heimaskóla í viku veldur ruglingi hjá nemendum og þeir ná síður að festa sig í sessi í nýju umhverfi. Kennarar hafa bent á að það væri mun betra að nemendur væru fimm daga vikunnar á sama stað (sem sumir hafa ákveðið), þar sem stöðugleikinn stuðlar að meiri öryggi og samfelli í samskiptum og námi. Þessi skipting veldur því að nemendur Íslenskuveranna upplifa sig með „sitt hvorn fótinn í sitt hvoru landinu“ – annars vegar í heimaskólanum og hins vegar í Íslenskuverinu. A.m.k. eitt ver hefur ákveðið að hafa nemendur hjá sér alla fimm skóladaga og það virðist sem að þetta fyrirkomulag styttri heildartíma sem nemendur dvelja í Íslenskuveri. Dvöl nemenda í heimaskóla eftir skóladaginn og strætóferð ber lítinn árangur því nemendur eru þá of þreyttir og verða jafnvel til vandræða eftir að hafa verið til fyrirmyndar allan daginn í verinu.

4.4 Árekstrar í tvöföldu kerfi

Í núverandi fyrirkomulagi er óljóst hver ber ábyrgð á nemendum sem eru í Íslenskuverum, sem getur leitt til árekstra og óvissu. Þar að auki veldur mismunandi skóladagatal Íslenskuvera og heimaskóla, eins og t.d. starfsdagar, því að nemendur missa stundum úr skóladegi eða mæta ekki í skólann. Upplýsingaflæði milli Íslenskuvera og heimaskóla er ófullnægjandi, verkefnastjóri ÍSAT tekur oftast á móti upplýsingum, en það hefur í för með sér að umsjónarkennarar þekkja varla þá nemendur sem eru skráðir í þeirra umsjón. Dæmi eru um að umsjónarkennari í 10. bekk hafi enga beina aðkomu að nemendum sem eru í Íslenskuveri, nema í um 20 mínútur einu sinni í viku. Þótt Íslenskuver upplýsi heimaskóla reglulega um stöðu og framvindu nemenda, þá berast sjaldnast upplýsingar frá heimaskólum til Íslenskuvera um nemendur. Þetta skapar ójafnvægi í upplýsingagjöf og getur hamlað markvissu samstarfi og einstaklingsmiðuðum stuðningi.

4.5 Skortur á samræmingu um áherslur og innihald námsins

Kennarar Íslenskuveranna hafa í gegnum starf sitt öðlast mikla reynslu og fagþekkingu á kennslu íslensku sem annars máls. Þeirra starf líður þó talsvert fyrir ákveðið stefnuleysi og ósamræmi sem

hefur ríkt um málaflokkinn. Einn kennari orðar stöðuna sem þeir eru í með þessum hætti: „staðreyndin er bara sú, við höfum aldrei klárað þetta ferli um hvernig lærirðu, hvernig kennum við íslensku sem annað mál fyrir börn. Það er ekkert ferli“. Kennarar skipuleggi námið út frá sinni fagþekkingu en margt sé óljóst og óskýrt, t.d. sé ekki ljóst hversu mikla málfræði, eins og fallbeygingar og fleirtölumyndun, eigi að kenna á fyrsta stigi, hvernig eigi að túlka hæfnislýsingar í aðalnámskrá grunnskóla og hvaða þekkingaratriði eru bak við hæfnislýsingar, t.d. hvað er “einföld málfræði”. Ekki sé samræmi á milli Íslenskuveranna hvað þetta varðar. Kennarar kalla eftir að þessi atriði séu samræmd betur sem myndi gera vinnu þeirra markvissari.

4.6 Námsfni og námsmat

Varðandi námsfni og námsmat í Íslenskuverum er skortur á sértækum úrræðum, sérstaklega fyrir nemendur sem eru ólæsir, eða eiga í erfiðleikum með framburð (til dæmis þegar nemendur geta ekki borið fram hljóð eins og L og R), eru með lestrarörðugleika eða búa við fjölpættan námsvanda. Í heimaskólum reynist mjög erfitt að aðlagða námsfni fyrir alla nemendur í öllum námsgreinum. Of mikill tími faglærðra kennara fer í ljósrítun efnis meðan þau ættu að sinna faglegru vinnu. ÍSAT kennarar bæði í Íslenskuverum og í heimaskólum sem eru með fulla kennsluskyldu reyna eftir bestu getu að veita ráðgjöf til annarra kennara innan skólans og það er allur gangur á því hvernig samstarfi er háttað við sérkennara. Skortur er á hentugu námsfni og kennsluaðferðum miðað við aldur og hæfnistig nemenda, t.d. nemendur á 2. og 3. stigi þegar kemur að ÍSAT-kennslu, sem dregur úr möguleikum til að mæta þörfum eldri nemenda á markvissan hátt. Þrátt fyrir að A1-námsfni fyrir mið- og unglingastig sé nú komið (Einmitt 1a), þá skortir sérstaklega námsfni fyrir bóknað á unglingastigi sem hentar nemendum á 1., 2. og 3. stigi ÍSAT. Það er ljóst að námsbækur þurfa að vera í mismunandi þyngdarstigum til að mæta fjölbreyttum þörfum nemenda. Því til viðbótar er hópi nemenda með brotna skólagöngu og nemendum sem hafa ekki lært latneskt letur er að fjölga, sem kallar á þróun viðeigandi kennsluaðferða, námsfnis og úrræða fyrir þessa nemendur

4.7 Eftirfylgni og yfirlæsla

Þegar nemendur yfirgefa íslenskuverið og fara alfarið í heimaskóla sína, taka kennararnir saman ítarlega skýrslu sem lýsir framvindu hvers nemanda, þar á meðal mati og tillögum um áframhaldandi nám. Þessi skýrsla miðar að því að tryggja að heimaskólinn sé meðvitaður um þarfir og árangur nemandans. Sumir kennararnir lýsa hins vegar vonbrigðum með skort á eftirfylgni með framvindu nemenda eftir að þeir snúa aftur í heimaskóla sína og telja að of margir nemendur viðhaldi ekki þeirri þekkingu sem þeir hafa öðlast í Íslenskuverunum. Þau ná ekki að nýta þá þekkingu sem þau fengu úr fyrsta stigi til þess að halda áfram, heldur dragist þau aftur úr. Þau fá ekki viðeigandi framhaldskennslu í ÍSAT og því væntingar um að þau taki þátt í almennri kennslu óraunhæfar og námsárangur nemenda getur ekki staðist væntingar. Í máli nokkurra kennara koma fram að þeir telja að fæstir skólar uppfylli viðmiðunarstundatöflu um fjölda tíma í íslensku sem öðru máli (Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, n.d.) sem er birt á vef Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu. Þar af leiðandi ná nemendur ekki 3. hæfnistigi og geta þess vegna ekki tekið þátt í bekkjarkennslu sjálfstætt með stuðningi.

5. Tillögur til úrbóta

Hér á eftir er samantekt atriða sem kennarar og stjórnendur í Íslenskuverum og heimaskólum telja mikilvægt að hafa í huga varðandi framtíðarhugmyndir um fyrirkomulag þess náms sem fram fer í

Íslenskuverunum. Í seinni hluta kaflans eru dregnar upp mögulegar lausnir að fyrirkomulagi ásamt rökstuðningi.

5.1 Tillögur út frá gagnasöfnun

Staðsetning ÍSAT kennslu

- Mikilvægt er að nemendur séu á einum stað þar til þeir hafa náð ákveðinni færni í íslensku. Best væri að nemendur væru annað hvort alfarið í Íslenskuveri eða alfarið í heimaskóla, en ekki með annan fótinn í sitt hvoru úrræðinu.
- Ef nemendur eiga að vera áfram í heimaskóla þarf að tryggja aukið fjármagn til skólanna til að standa undir þeirri þjónustu.
- Í sumum skólum var tekin ákvörðun um að unglingar úr Íslenskuveri kæmu einungis í heimaskólann eftir hádegi til að sækja valgreinar.
- Mælt er með að byggja upp móttökubekki/þáttökubekki í heimaskólum, og horfa má til fyrirmyndar frá Finnlandi í þessum efnum.
- Skilaboðin eru skýr: það þarf að hafa börnin lengur í Íslenskuverum eða sambærilegu úrræði í heimaskóla, með öflugri stuðningi, því margt bendir til að þau séu send of snemma yfir í heimaskóla. Draumsýn margra er að sjá Íslenskuver í hverjum skóla, þannig að allir nemendur geti fengið aðgang að þeirri þjónustu.

Byggja upp úrræði sem stuðla að félagslegri þátttöku

- Nauðsynlegt er að tryggja börnum strax þátttöku í tómstundastarfi, þeim að kostnaðarlausu, til að auðvelda félagslega tengslamyndun.

Skerpa á tilgangi Íslenskuvera

- Það er brýn þörf á skýrari skilgreiningu á markmiðum og tilgangi Íslenskuvera, þetta tengist meðal annars að tryggja öryggi nemenda, efla skólafærni, sjálfstraust og veita samfélagsfræðslu.
- kennurum finnst óljóst hvernig best sé að sýna virðingu fyrir móðurmálum nemenda á sama tíma og takmarka skal notkun þeirra þegar nemendur frá sömu löndum eru saman, til að.
- styðja við íslenskunám þeirra
- Til staðar þarf að vera mat og eftirlit með Íslenskuverum og ÍSAT kennslu í heimaskólum.
- Kallað er eftir reglulegu mati á árangri og gæðum kennslunnar.

Betri umgjörð um ÍSAT kennslu

- Betri miðlun þekkingar milli kennara og skóla er mikilvæg, til dæmis með samstarfi ÍSAT-kennara, eins og gert hefur verið í Breiðholti eða á Akureyri.
- Á Akureyri hefur 20% verkefnastjórastaða í hverjum skóla reynst vel til að styðja ÍSAT-starf. Að hætti Akureyrarbæjar ættu ÍSAT-kennarar að hafa skýrt hlutfall milli kennslu og ráðgjafar, en ekki að sinna ráðgjöf ofan á fulla kennslu. Kennari sem sinnir eingöngu ÍSAT-starfi myndi einnig halda betri yfirsýn.
- Þörf er á því að fjárfesta í fagþekkingu og byggja upp sérhæfingu innan skólanna, því fjöldi nemenda af erlendum uppruna fer sífellt vaxandi.
- Mikilvægt er að viðurkenna íslensku sem annað tungumál sem sérstakt fag, en ekki einungis hluta af almennri sérkennslu (eða jafnvel íslensku), og tryggja að fjármagn til þessa verkefnis sé aðskilið frá sérkennslukvóta.

- Almennt er skortur á mati og eftirliti með íslenskukennslu fyrir nemendur með íslensku sem annað mál.

Viðeigandi menntun og endurmenntun fyrir ÍSAT kennara og aðgengi að ráðgjöf og stuðningi

- Tryggja þarf að kennarar hafi nægilega menntun og þjálfun til að kenna íslensku sem annað mál, því oft eru kennarar sendir út í djúpu laugina án nægilegs undirbúnings.
- Betri stuðning og bjargráð þarf fyrir kennara svo þeir viti hvað felst í því að nemendur séu á ákveðnum hæfnistigum.
- ÍSAT kennarar njóti virðingar sem fagkennarar (og séu t.d. ekki settir í afleysingakennslu og þess háttar uppfyllingar).
- Álag á kennara aukist mjög og fjöldi verkefna og viðfangsefna er að sumra mati orðið ófyrstíganlegt, ekki síst vegna skorts á námsefni og skýrum leiðbeiningum um kennsluna.

Viðeigandi námsefni

- Það þarf að bæta aðgengi að námsefni. Aukið framboð af tilbúnu kennsluefni, sérstaklega fyrir 1. og 2. stig, og þá sérstaklega námsefni á 1. og 2. stigi fyrir bókleg fög eins og samfélagsfræði og náttúrufræði er nauðsynlegt. Námsbækurnar þurfa að vera í mismunandi þyngdarstigum til að mæta ólíkum þörfum nemenda. Nauðsynlegt er að búa til gott aðgengilegt námsefni, helst með stuðningi frá Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, og að námsefnið verði flokkað eftir stigum. Þá væri mikilvægt að nota tæknina betur, til dæmis til að þýða lykilhugtök og gera námsefni aðgengilegra.
- Nemendur fá lítið út úr almennum íslenskutímum eftir fyrsta stig, þar sem skortur er á viðeigandi námsefni bæði fyrir greinakennara og ÍSAT-kennara sem sinna nemendum á 2. og 3. stigi.
- Betri aðstaða og sanngjarnari greiðslur fyrir kennara sem semja námsefni eru nauðsynlegar.
- Tengja mætti íslenskukennsluna betur við menningarkennslu, því nú er einblínt á tungumálið án þess að nýta tækifæri til að byggja markvisst brú yfir í menningarlegt samhengi.

Sjálfbærni Íslenskuvera

- Mikilvægt er að tryggja sjálfbærni Íslenskuvera: að ferlar, námsefni og þekking sé tryggð til framtíðar, til dæmis þegar starfsfólk fer, og að móttaka nýrra nemenda verði markviss og stöðug.
- Mikilvægt er að efla samstarf ÍSAT kennara í hverfunum, sbr. Breiðholtsbrú.
- Í sumum tilfellum hefur samstarf heimaskóla við Íslenskuver minnkað vegna manneklu og veikinda, og skilafundur milli heimaskóla og Íslenskuvera hafa dregist saman, þó að skýrslur séu áfram sendar.

5.2 Dæmi um fyrirkomulag á ÍSAT kennslu

Hér eru tekin nokkur dæmi um hugsanlega útfærslu á skipulagi og umgjörð um ÍSAT kennslu á grunnskólastigi. Þessi dæmi eru byggð á því sem fram kom í viðtölunum og til viðbótar er vitnað til fyrirkomulags sem kallast Hringurinn og er lýst í væntanlegri meistaraþrófsritgerð Halldóru Fríðu Þorvaldsdóttur. Við leggjum ekki mat á hver þessara leiða myndi henta best en setjum þær fram til umræðu enda er ljóst að aðstæður eru mismunandi í ólíkum hverfum og skólum Reykjavíkur og því hugsanlegt að mismunandi úrræði þurfi að vera til staðar fyrir ólík hverfi og skóla.

Mögulegar lausnir	Rökstuðningur
Íslenskuver í hverjum skóla (á stigi 1) & ÍSAT kennsla skv. viðmiðunarstundatöflu á stigum 2 og 3	Skapar lærdómssamfélag í skólum; hjálpar nemendum að mynda félagsleg tengsl og taka þátt í félagsstarfi í hverfinu; býður upp á auðveldari samþættingu við verkleg fög.
Íslenskuver í hverjum skóla (á stigi 1 og 2); ÍSAT kennsla skv. viðmiðunarstundatöflu á stigi 3	Hér er Íslenskuver á tveimur stigum sem gæti stuðla að betri samfellu og hraðari íslenskunámi.
Íslenskuver í hverjum skóla (á stigi 1) & ÍSAT deildir (eða þáttökubekkir, sbr. Finnland ²) í öllum skólum fyrir alla ÍSAT nemendur sem eru á 2. og 3. stigi.	Hér fer öll kennslan fram í heimaskóla sem auðveldar utanumhald og tengslamyndun og auðveldar einnig tengingu yfir í verkleg og bókleg fög þar sem nemendum er leyft að fara í einstök fög eftir hæfni og getu.
Íslenskuver í heimaskólum (á stigi 1) fyrir miðstig og Íslenskuver í núverandi mynd (stig 1) fyrir unglingastig & ÍSAT kennsla skv. viðmiðunarstundatöflu á stigum 2 og 3	Betri tengslamyndun fyrir yngri nemendur í heimaskólum, öruggari samgöngur, auðveldari tenging í verkleg fög í heimaskólum.
„Hringurinn“ að hætti Reykjanesbæjar. Sbr. Meistaraprófsritgerð Halldóru Fríðu Þorvaldsdóttur við HA. Aðgengi í Skemmunni: https://hdl.handle.net/1946/51236	12 vikna skipulag þemaprógram sem felur í sér markvissa kennsla í upphafi skólagöngu áður en nemendur fara inn í bekk.
ÍSAT verkefnastjórastaða 20-40% í hverjum skóla að fyrirmynd Akureyrarbæjar og Reykjanesbæjar.	Nánari upplýsingar um fyrirkomulag eru til staðar sem hluti af gagnaöflun.

² Þáttökubekkir eru innblástur frá námsferð til Finnlands. Þetta eru þáttöku/móttökubekkur (eftir íslenskuver) í heimaskólanum á 2. stigi, þar sem nemendur byrja á því að fara á list- og verkgreinar, íþróttir, sundið, og svo velja námsgreinar sem nemandinn er sterkur í; þáttökubekkur er skjól og mikil ÍSAT kennsla haldi áfram

6. Heimildir

- Arnbjörnsdóttir, B., og Ingvarsdóttir, H. (2018). *Language development across the life span: The impact of English on education and work in Iceland*. Springer.
- Cleave, E. (2020). *Language, education and social justice: International strategies for systems change in multilingual schools*. The Bell Foundation, Winston Churchill Memorial Trust, & The Linbury Trust.
- Guðrún Pétursdóttir. (2019). Fjölmennning í skólastarfi. Í Hanna Ragnarsdóttir og Hildur Blöndal (ritstjórar), *Fjölmennningarlegt skólastarf: Handbók fyrir kennara og starfsfólk skóla* (bls. 11–28). Háskólaútgáfan.
- Hagstofa Íslands. (2023). *Nemendur með annað móðurmál en íslensku*. <https://hagstofa.is>
- Hermína Gunnþórsdóttir og Renata Emilsson Peskova. (2025). Hugtök og hagnýtar leiðir í kennslu fjöltýngdra barna. Í Anna Kristín Sigurðardóttir, Hermína Gunnþórsdóttir og Rúnar Sigþórsson (ritstjórar.), *Gæði kennslu – Námsækifæri fyrir alla nemendur*. (bls. 201–218). Háskólaútgáfan. <https://haskolautgafan.is/products/gaedi-kennslu-namstaekifaeri-fyrir-alla-nemendur>
- Hermína Gunnþórsdóttir og Lilja Rós Aradóttir. (2021). Þegar enginn er á móti er erfitt að vega salt: Reynsla nemenda af erlendum uppruna af íslenskum grunnskóla. *Tímarit um uppeldi og menntun*, 30(1), 51–70. <https://ojs.hi.is/index.php/tuuom/article/view/3392/2055>
- Hjördís Hafsteinsdóttir, Jóhanna T. Einarsdóttir og Íris Edda Nowenstein. (2022). Íslenskukunnátta tvítýngdra barna: Tengsl staðlaðra málþroskaprófa og málsýna. Netla. <https://netla.hi.is/greinar/2022/alm/08.pdf>
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2013). *Menntastefna til ársins 2030*. [https://www.stjornarradid.is:contentReference\[oaicite:26\]{index=26}](https://www.stjornarradid.is:contentReference[oaicite:26]{index=26})
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2021). *Aðalnámskrá grunnskóla – Íslenska sem annað tungumál*. [https://www.stjornarradid.is:contentReference\[oaicite:29\]{index=29}](https://www.stjornarradid.is:contentReference[oaicite:29]{index=29})
- Menntamálastofnun. (2018). *Um áhrif tungumálaörðugleika á námsframfarir ÍSAT nemenda*. [https://mms.is/sites/mms.is/files/isat-nemendur-greining_feb_2018_1.pdf:contentReference\[oaicite:32\]{index=32}](https://mms.is/sites/mms.is/files/isat-nemendur-greining_feb_2018_1.pdf:contentReference[oaicite:32]{index=32})
- Miðja máls og læsis. (n.d.). *Um Miðju máls og læsis*. <https://mml.reykjavik.is/>
- Miðstöð menntunar og skólaþjónustu. (n.d.). *Um stöðumat*. <https://mms.is/stodumat-fyrir-erlenda-nemendur>
- Miðstöð menntunar og skólaþjónustu. (n.d.). *Viðmiðunarstundatafla í íslensku sem öðru máli*. https://mms.is/sites/mms.is/files/vidmidunarstundatafla_isat.pdf
- Piller, I. (2020). *Linguistic diversity and social justice: An introduction to applied sociolinguistics*. Oxford University Press.
- Sameinuðu þjóðirnar. (1989). *Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins*. <https://www.barnasattmali.is>
- Sigríður Ólafsdóttir og Baldur Sigurðsson. (2017). Hnignandi frammistaða íslenskra nemenda í lesskilningshluta PISA frá 2000 til 2015: Leiðir til að snúa þróuninni við. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. <https://netla.hi.is/greinar/2017/ryn/16.pdf>
- Tungumálatorg. (n.d.). *Tungumálatorg*. <https://tungumalatorg.is>

Myndir úr Íslenskuverum





